

heimilis að Fálkagötu 3, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 148/1979. **Birgir Þorvaldsson**
 gegn
Ofnasmiðju Suðurlands h/f.

Kærumál. Málskostnaður í fógetaréttarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1979, sem Hæstarétti barst 10. ágúst sl. Krefst hann sýknu af málskostnaðarkröfu varnaraðilja og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Heimilt er að skjóta hinum kærða fógetaréttarúrskurði til Hæstaréttar skv. 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Birgir Þorvaldsson, greiði varnaraðilja, Ofnasmiðju Suðurlands h/f, 50.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Árnæssýslu 3. júlí 1979.

Hinn 10. apríl sl. var tekin hér fyrir beiðni Birgis Þorvaldssonar, forstjóra Runtal-Ofna h/f, um, að lögbann yrði lagt við því, að Ofnasmiðja Suðurlands h/f í Hveragerði framleiði eða selji svonefnda „Funa-ofna“ eða láti selja ofna þessa í sínu umboði, þar eð þeir séu eftirlíkingar á þeim ofnum, sem Runtal-Ofnar h/f hafi einkaleyfi á.

Af hálfu gerðarbeiðanda var lögð fram matsgerð máli þessu til stuðnings.

Að ósk lögmanns gerðarþola var máli þessu frestað til 23. apríl til að skila greinargerð. Hinn 23. apríl skilaði lögmaður gerðarþola greinargerð, og var þá mál þetta tekið til úrskurðar.

Hinn 26. apríl var mál þetta hins vegar tekið upp að nýju að frumkvæði fógæta, þar eð hann taldi nauðsynleg gögn vanta í málið af hálfu gerðarbeiðanda.

Í því réttarhaldi kom sú ósk fram hjá lögmanni gerðarþola, að fram færi yfirmat og máli þessu yrði frestað á meðan. Féllst lögmaður gerðarbeiðanda á þetta, og samþykkti fógæti það fyrir sitt leyti að veita frest þennan, en eigi þó lengur en til föstudagsins 25. maí, kl. 1300.

Föstudaginn 25. maí sl. var máli þessu enn frestað, þar sem yfirmat lá þá ekki fyrir, til mánudagsins 25. júní. Þann dag lagði lögmaður gerðarþola fram yfirmat í réttinum. Óskaði þá lögmaður gerðarbeiðanda eftir því, að málið yrði hafið. Var þá lögbannspáttur málsins felldur niður.

Lögmaður gerðarþola krafðist hins vegar greiðslu málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda, en lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti því. Var því krafa lögmanns gerðarþola um málskostnað tekin til úrskurðar þann dag.

Lögmaður gerðarþola byggir kröfur sínar á því, að skjólstæðingur sinn hafi verið neyddur til þess af gerðarbeiðanda að fara út í mál þetta og honum því nauðugur einn kostur að leggja út í kostnað vegna þessa til að koma í veg fyrir, að atvinnustarfsemi hans stöðvaðist. Hljóti kostnaður þessi að falla á gerðarbeiðanda, þar sem hann taki á sig áhættu með lögbannsaðgerðum.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur kröfum gerðarþola um málskostnað verið mótmælt. Hefði verið farið út í lögbannsaðgerðir á grundvelli undirmats, sem væri ótvírætt. Gerðarþola hefði verið kunnugt um þetta mat löngu áður en til lögbannsbeiðnar kom. Einnig undir rekstri máls hefði ekki verið beðið um yfir-

mat, fyrr en fógeti hefði tekið upp málið að nýju, að sínu frumkvæði, eftir að það hefði verið tekið til úrskurðar. Enda þótt þá hefði verið hafist handa, í framhaldi af því, af hálfu gerðarpola um yfirmat, náí engri átt að telja til málskostnaðar viðbrögð gerðarpola til að hleypa efnislegum stoðum undir málstað sinn. Hefði aldrei til lögbannsmáls komið, hefði yfirmat þetta legið fyrir í upphafi máls þessa.

Niðurstöður.

Lögmaður gerðarbeiðanda óskaði eftir því undir rekstri málsins, að það yrði hafið. Var þá lögbannspáttur málsins felldur niður. Í framhaldi af þessu krafðist lögmaður gerðarpola, að gerðarbeiðandi greiddi málskostnað. Var því hafnað af hálfu gerðarbeiðanda. Er þessi krafa nú hér til úrskurðar.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og 5. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann þykir rétt, að gerðarbeiðandi, Birgir Þorvaldsson, greiði allan málskostnað í máli þessu.

Með hliðsjón af framlögðum reikningum, eðli málsins og hagsmunamati telst málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1.600.000.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Birgir Þorvaldsson greiði Ofnasmiðju Suðurlands h/f kr. 1.600.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.